



Fundargerð

406. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 11. maí 2017, kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 405. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 11. apríl 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 11. maí 2017.

Farið yfir fundargerðina.

2.1 1605014 – Hellisbraut 72 212-2754, byggingaleyfi fyrir stækkun.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2 1705013 – Tröllendi 1 236-3833, byggingaleyfi fyrir starfsmannahúsi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1704016 – Sláttur og hirðing 2017-2018, útboð.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4. 1705014 – Skáleyjar 212-2585, rif á húsi mhl. 03, gamla íbúðarhúsið.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

3. Stjórn Barmahlíðar 11. maí 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. Málefni Barmahlíðar, kaup á íbúð Öryrkjabandalagsins.

Sveitarstjóra falið að kanna forsendur fyrir kaupum á íbúð Öryrkjabandalagsins. Samþykkt samhljóða.

3.2. Viðhald húsnæðis á Barmahlíð.

Sveitarstjóra og hjúkrunarforstjóra falið að ræða við umsjónarmann fasteigna um breytt skipulag. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1705001 – Umhverfissvottun sveitarfélaga á Vestfjörðum.

1.1 Sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

1.2 Umhverfissvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum, framkvæmdaáætlun 2014 – 2020. Bæði erindin frá verkefnisstjóra Earthcheck hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga frá 26. apríl 2017.

Sveitastjórn samþykkir sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti og framkvæmdaáætlun 2014-2020. Samþykkt samhljóða.

2 1705002 – 62. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 24. maí 2017.

2.1 Fundarboð.

2.2 Kjörbréf .

Fyrir sveitarstjórn liggur fundarboð á 62. Fjórðungsþing Vestfirðinga þann 24. maí 2017. ÁBG, ÁMG og SRB mæta á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða. Fulltrúar skipta 564 atkvæðum Reykhólahrepps á milli sín og fer hver fulltrúi með 188 atkvæði á þinginu. Sveitarstjóra falið að koma kjörbréfum á framfæri við Fjórðungssambandið. Samþykkt samhljóða.

3 1705003 – Svæðisskipulag sveitarfélaga á Vestfjörðum, tillaga að skipun svæðisskipulagsnefndar.

Erindi frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 21. apríl 2017.

Sveitarstjórn tekur ekki þátt í gerð svæðisskipulags fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum, þ.e. vinna stendur enn yfir við svæðisskipulag Reykhólahrepps, Strandabyggðar og Dalabyggðar. Samþykkt samhljóða.

4 1705004 – Kaldavatnsöflun.

4.1 Ósk um leyfi sveitarstjórnar til að afla tilskilinna leyfa og tilboða í borun eftir vatni í Hrafnanesi, erindi frá umsjónarmanni fasteigna dagsett 10. apríl 2017.

4.2 Greinargerð um vatnsöflun fyrir Vatnsveitu Reykhóla, frá Agli Sigurgeirssyni, móttekið 9. maí 2017.

Sveitarstjórn leggur til að gerð verði þarfagreining á vatnsöflun fyrir þorpið og mögulega framtíðaruppbyggingu, einnig að mældar verði lindir við Sléttaberg og Skírdalsframhlaup í sumar og að gerð verði kostnaðaráætlun um framkvæmd borunar á Hrafnanesi. Samþykkt samhljóða.

5 1705005 - Ósk um styrk til uppbyggingar.

Erindi frá Gullsteini dagsett 2. maí 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk til Gullsteins að upphæð kr. 120.000. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Rætt var um að sveitarstjórn setji sér reglur er varða styrkveitingar almennt. Samþykkt samhljóða.

6 1705006 - Ósk um húsaleigustyrk og fleira

Erindi frá Báta- og hlunnindasýningunni móttækið 9. maí 2017.

Gert er ráð fyrir húsaleigustyrk í fjárhagsáætlun 2017, samþykkt samhljóða, öðrum málum vísað til sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

7 1705007 - Reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna, drög til umsagnar.

Erindi frá Þjóðskjalaverði dagsett 8. maí 2017.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið. Samþykkt samhljóða.

8 1705012 – Aukafjárveiting, kaup á gámum fyrir endurvinnsluvæði.

Erindi frá umsjónarmanni gámasvæðis dagsett 9. mars 2017

Sveitarstjórn samþykkir aukafjárveitingu allt að kr. 1.5 millj. til kaupa á gámum fyrir endurvinnsluvæðið á Reykhólum. Fjármögnun af eigin fé sveitarfélagsins og vísast í gerð viðauka. Samþykkt samhljóða.

9 1703011 -Mál frá Alþingi.

9.1 Tillaga að þingsályktun um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.

9.2 Tillaga að þingsályktun um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

9.3 Tillaga að þingsályktun um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.

9.4 Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar), 184. mál.

9.5 Þingsályktun um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 222. mál.

9.6 Þingsályktun um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli, 156. mál.

9.7 Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.), 333. mál.

9.8 Tillaga að þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434. mál.

9.9 Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál.

9.10 Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 375. mál.

9.11 Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.

9.12 Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 439. mál.

9.13 Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál.

9.14 Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 190. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsagnir við ofangreind frumvörp. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

9. **1705008 - Viðhald á Barmahlíð.**

Erindi frá Málfríði Vilbergsdóttur og Svanhildi Sigurðardóttur dagsett 1. maí 2017.

Sveitarstjórn vísar í fundargerð stjórnar Barmahlíðar. Samþykkt samhljóða.

10. **1701029 - Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi.**

10.1 Erindi frá forstjóra Vodafone dagsett 5. apríl 2017.

10.2 Erindi frá Jóni Guðna Kristinssyni dagsett 8. maí 2017.

Erindi lögð fram og kynnt. Gert er ráð fyrir að ræða við landeigendur vegna lagningar ljósleiðarans um sveitirnar.

11. **1705009 – Yfirlýsing frá Sauðfjárveikivarnanefnd Strandabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps.**

Yfirlýsing lögð fram og kynnt.

12. **1702011 – Samningur um afritun verndaðra verka – ítrekun.**

Erindi frá framkvæmdastjóra Fjölís dagsettur 4. apríl 2017.

Lagt fram og kynnt.

13. **1705010 – Aðalfundur Vesturferða ehf., fundarboð.**

Fundarboð lagt fram og kynnt.

14. **1705011 – Aðalfundur Landskerfa bókasafna hf. 2017, fundarboð.**

Fundarboð lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

15. **1705015 - Rekstarleyfi fyrir gistiheimili í Djúpadal, umsókn.**

Erindi frá sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 10. maí 2017.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili í flokki II í Djúpadal. Samþykkt samhljóða.

16. **1705016 - Opin ársfundur Orkubús Vestfjarða 16. maí 2017.**

Lagt fram og kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____